

Innlent | Morgunblaðið | 13.9.2018 | 5:30

# Umdeild listaverk frá Stöðvarfirði sýnd í New York



Kevin Sudeith risti þessa mynd af íslenska hestinum á tölti á klett í Stöðvarfirði í sumar.



## Morgunblaðið

Höskuldur Daði Magnússon  
hdm@mbl.is

Setja bókamerki

Bandaríski listamaðurinn Kevin Sudeith opnaði í gær sýningu á verkum sínum í Project:ART-space á Madison Avenue í New York. Þar sýnir hann myndbandsverk og myndir sem eru afrakstur Íslandsferðar hans í sumar.

Sudeith dvaldi í þrjá mánuði á Austfjörðum í sumar og risti þá áletranir á kletta og náttúrumyndanir í Stöðvarfirði. Myndir hans sýna íslenska hestinn á tölti og fugla sem hann segir að hafi veitt sér félagsskap meðan á vinnu hans hér stóð. Á sýningunni eru þrjár stórar myndir af íslenska hestinum sem listamaðurinn segir að fangi dýpt verkanna í Stöðvarfirði afar vel.

Morgunblaðið greindi frá því í ágúst að áletranir Sudeith brytu í bága við náttúruverndarlög, að mati Umhverfisstofnunar. Málið er áhugavert því listamaðurinn hafði fengið leyfi frá landeigendum í Stöðvarfirði sem og sveitarfélaginu Fjarðabyggð.

„Þarna er skýrt bannákvæði í lögnum,“ sagði Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun, í blaðinu 9. ágúst. „Svo virðist sem fólk sé ekki fullmeðvitað um efni ákvæðisins. Þarna gæti þurft að efla kynningu á náttúruverndarlögnum og er það í bígerð,“ sagði Sigrún ennfremur.

Jóni Birni Hákonarsyni, forseta bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, fannst ekki mikið til erindisins koma. „Mér finnst þetta mikill ys og þys út af litlu sem engu,“ sagði Jón sem benti á að bergangar sem þessir væru nokkuð algengir á svæðinu og í umfjöllun um málið í vetur hefði náttúru- og skipulagsnefnd ekki talið að þarna væri um að ræða náttúruvætti sem um gilda sérstök lög.

„Þegar við tókum málið fyrir á vettvangi [umhverfis- og skipulagsnefndar] í vetur þá var það mat okkar og skipulagsfulltrúa að þetta væri ekki leyfisskyldur gjörningur af okkar hálfu, þ.e. við yrðum ekki að veita framkvæmdaleyfi. Málið var kynnt á grundvelli náttúruverndarlagna. Þarna lá fyrir leyfi landeiganda.“